



Fjárhagsáætlun ársins 2022 og 3ja ára áætlun 2023-2025

Lögð fram fjárhagsáætlun ársins 2022. Niðurstöðutölur hennar eru að rekstrarafkoma A hluta er áætluð jákvæð um kr. 25.563.000.- Samanlögð afkoma A og B hluta er áætluð jákvæð um kr. 22.779.000.-

Miklu munar um þær hagræðingaraðgerðir sem ráðist hefur verið í á árinu 2021 í samræmi við ráðgjöf frá fyrirtækinu Ráðrík ehf og vill sveitarstjórn þakka fyrirtækinu sérstaklega fyrir samstarfið á árinu. Einnig skiptir miklu máli að fyrir liggur vilyrði um framhald á samningi um sértækan stuðning sveitarstjórnarráðuneytis við sveitarfélagið sem gerir kleift að ráðast í nokkrar bráðnauðsynlegar framkvæmdir og viðhald á árinu. Samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum verður sértækur stuðningur ráðuneytisins að upphæð 47 milljónir á árinu 2022 og 18 milljónir árið 2023.

Gert er ráð fyrir eftirfarandi framkvæmdum á árinu 2022:

- Nýr inngangur ofan við grunnskóla 25.000.000.-
- Brunavarnir skv. úttekt og frágangur ofan við grunnskóla 4.500.000.-
- Viðhald í Íþróttamiðstöð, m.a. búningsklefar og sturtur, gluggi í sal og lagnaviðgerðir 10.100.000.-
- Leikskólalóð, undirbúningsvinna, efnisskipti og drenlagnir 6.000.000.-
- Staðarkirkjugarður, hlutdeild Strandabyggðar í efniskostnaði samkvæmt lögum 2.400.000.-
- Yfirlagnir á götur í Austurtúni og Miðtúni 2.500.000.-
- Bryggjukrani, tæki og uppsetning 10.000.000.-
- Staðarrétt nýbygging 5.000.000.-
- Fjárrétt við Krossá í Bitru 2.000.000.-
- Félagsheimili: Inngangur í kjallara, aðgengi fyrir fatlaða 1.500.000.-
- Aðal- og deiliskipulag: Samningur við Landmótun um skipulagsvinnu 4.000.000.-
- Gatnagerð Borgabraut og fleiri smáverkefni 2.000.000.-
- Slökkvilið: Búnaður og útbúnaður bíls 1.500.000.-
- Vatnsveita: Dælur og lagnir 3.000.000.-
- Fráveita: Lagnir 2.000.000.-
- Veitustofnun: Ljósleiðari 2.000.000.-

Heildarkostnaður vegna framkvæmda á árinu 2022 er áætlaður kr. 83.500.000.-

Gert er ráð fyrir eftirfarandi lántöku á árinu 2022:

- Tekið verður lán að upphæð kr. 35.000.000.- á árinu 2022, fyrir afborgunum hjá Lánasjóði sveitarfélaga, og nýtt að mestu leyti til framkvæmda.

Sveitarstjórn samþykkir fjárhagsáætlun 2022 samhljóða.

Lögð fram þriggja ára áætlun Strandabyggðar fyrir árin 2023-2025. Helstu framkvæmdir sem gert er ráð fyrir í þriggja ára áætlun eru áframhaldandi framkvæmdir við leikskólalóð á árunum 2023-2024, framlag vegna byggingar íbúðarhúsnæðis 2023 og aukinn kostnaður við fráveitu og vatnsveitu 2024 og 2025, auk margvíslegra smærri umbóta- og viðhaldsverkefna. Niðurstöðutölur fyrir samstæðuna (A og B hluta sveitarsjóðs) árin 2023-2025 eru jákvæð um kr. 62.067.000.- árið 2023, kr. 59.480.000.- árið 2024 og kr. 64.101.000.- árið 2025.

Sveitarstjórn samþykkir þriggja ára fjárhagsáætlun 2023-2025 samhljóða.